

MINNISBLAÐ

Verknúmer 2364-004	Verkkaupi Norðurá bs.	Dagsetning 23.09.2013
Verkheiti Stekkjarvík urðunarstaður - Útstreymisbókhald		
Málefni Útstreymisbókhald fyrir 2012		
Sendandi Gunnar Svavarsson		
Dreifing Magnús B. Jónsson Norðurá bs.		



Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar dags 11.6.2013 fyrir urðunarstaði í Stekkjarvík er gerð ein athugasemd sem hljóðar svo: „Samkvæmt ákv. 5.5 í starfsleyfi getur rekstraraðili samþætt skil á upplýsingum um losun mengandiefna (útstreymisbókhald), grænt bókhald o.fl. Grænt bókhald hefur borist og mun rekstraraðili skila útstreymisbókhaldi sínu fyrir 15.9.nk.“. Efla hefur að beiðni Norðurár bs. nú gert útstreymisbókhald og fyllt út staðlað excelform frá Umhverfisstofnun sem sent verður inn til stofnunarinnar.

Útstreymisbókhald skal gera í samræmi við reglugerð um útstreymisbókhald nr. 990/2008 og fylgiskjal þar sem fram koma í II viðauka mengunarefni og viðmiðunargildi fyrir losun í andrúmsloft og í vatn. Um er að ræða 91 efni í lista. Skv. Guidance Document for the implementation of the European PRTR frá EU dags 31 maí 2006 Appendix 4 þarf fyrir urðunarstaði að athuga með 17 efni fyrir losun í loft og skv. Appendix 5 skal athuga með losun 69 efna í vatn.

Haft var samband við Umhverfisstofnun varðandi áætlun á losun metans og fallist á að nota IPPC módel sem finna má á heimasíðu UST fyrir útreikning. Aðrar viðurkenndar aðferðir voru notaðar til nálgunar á losun annarra efna í loft. Metangasmyndun var reiknuð annarsvegar fyrir urðunarstaðinn í heild og hinsvegar fyrir sláturúrgangshólf út frá magni tilgreindra flokka úrgangs. Notaður var MCF stuðunn 1 í þessar áætlun en hann má lækka í samræmi við gasmælingar. Í maí 2013 var gas mælt í 5 rörum undir úrgangsfyllingu og mældist metan í tveimur rörum, 32% í öðru en 5% í hinu. Engar gastegundir voru yfir þeim mörkum að tilkynna þurfi losun í loft í útsreymisbókhaldi.

Losun í vatn var metin út frá niðurstöðum mælinga í sigvatnsfrárennsli þann 2.5.2012 en niðurstaða mælingar þann 1.10.2012 var ekki notuð þar sem gildi voru tímabundið há sökum þáverandi losunar sláturúrgangs í sláturúrgagnshólf og sökum bilunar á sigvatnskerfi sökum mikillar fitu. Af 69 eignum sem athuga á fyrir var búið að mæla 19 og var losun í öllum tilfellum undir mörkum sem eru tilkynningarskyld.